

BRÁÐABIRGÐASKRÁ

99
1. júní

yfir námsbækur, sem úthlutað verður samkvæmt ákvæðum laga nr. 82 frá 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

1. gr.

Bækurnar skulu ná til þeirra námsgreina, er hér greinir:

1. Íslenzku.
2. Reiknings.
3. Kristinfræða.
4. Landfræði.
5. Náttúrufræði.
6. Íslandssögu.
7. Söngs.

2. gr.

Ritstjórn námsbókanna skal fyrst um sinn fullnægja ákvæðum 1. gr. með námsbókum þeim, sem fyrir eru á markaðinum og löggiltar hafa verið, eftir því sem unnt er og samningar kunna að nást um við hlutaðeigandi útgefendur.

Kennslumálaráðuneytið, 1. júní 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

FYRIRMÆLI

100
17. ágúst

um fjallskil, fjárrekstra, fjárflutning og um ráðstafanir á sýktu og grunuðu fé í leitum og réttum, til varna gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjarveikinnar.

1. gr.

Fyrirmæli þessi ná til allra sýslna á vesturhluta landsins frá Eyjafjarðarsýslu að Vestur-Skaftafellssýslu að Vestfjarðarkjálkanum undanskildum. Í fyrirmælum þessum eru héruðin austan Héraðsvatna og Þjórsár, Gullbringu- og Kjósarsýsla ásamt héruðum vestan Ölvesár og Sogs, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla norðan girðingarinnar milli Hrútafjarðar og Hvammsfjarðar ásamt þeim hluta Hörðudals, sem er innan varnargirðingar, talin ósýkt svæði. Héruðin milli Blöndu og Héraðsvatna, Þjórsár og Ölvesár, Hvítár og Brúarár eru talin grunuð svæði. Önnur héruð eru talin sýkt.

2. gr.

Hreppsnefndum á ofangreindum svæðum er skylt að haga fjalleitum og réttum í samráði við hlutaðeigandi sýslufulltrúa.

3. gr.

Hreppsnefndum er skylt, ef þörf krefur, að breyta út af fjallskilareglugerðum í samráði við eða eftir tillögum sýslufulltrúa. Verði ágreiningur milli hreppsnefnda

100 og sýslufulltrúa, skal hreppsnefnd hlíta fyrir mælum sýslufulltrúa þangað til úrskurður framkvæmdarstjóra sauðfjárveikivarnanna er fenginn.

4. gr.

Hreppsnefndum er skylt að hafa til sérstakan og vel einangraðan dilk við hverja rétt til þess að draga í allt fé, sem sýkingu eða óeðlilega mæði sér á. Skal fé þetta rekast til slátrunar beint úr réttinni án þess að það hafi samgang við annað fé. Kostnaður við þann rekstur jafnast niður með öðrum fjallskilum.

5. gr.

Fé af sýktu svæði, sem finnst í réttum eða við heimasmalanir á grunuðu svæði, og fé á ósýktu svæði af grunuðu eða sýktu svæði er skylt að einangra, og skulu hreppstjórar sjá um að ráðstafa fé því tafarlaust til slátrunar.

6. gr.

Verði breytingar á leitum og réttum skulu viðkomandi hreppsnefndir tilkynna það öðrum hreppsnefndum, sem hagsmuna eiga að gæta í því sambandi, með nægum fyrirvara.

7. gr.

Hreppsnefndum er heimilt í samráði við sýslufulltrúa að fyrirskipa að fé úr hreppum þeirra, sem fyrir kemur í útréttum á eða nálægt sýktum og grunuðum svæðum, sé ráðstafað til slátrunar beint úr réttunum.

8. gr.

Fjárrekstrum af sýktum og grunuðum svæðum, sem fara þarf með yfir heilbrigð svæði, — og leyfðir hafa verið af framkvæmdarstjóra, — skal hagað eftir fyrir mælum sýslufulltrúa, sem tilnefnir rekstrarstjóra. Stranglega er bannað að reka saman í bæjarrekstrum eða rekstrum milli rétta heilbrigðar kindur og þær, sem lasleika sér á.

9. gr.

Brot á ákvæðum þessum varða allt að 10000 kr. sektum. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Fyrirmæli þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 12 12. maí 1937, um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1937.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.